

Kennsluáætlun í sögu fyrir 6. bekk 2026-27.

Haustmisseri.

Námsefni:

Guðmundur J. Guðmundsson: *Frá sjálfstæðisbaráttu til búsáhaldabyltingar. Þættir úr Íslandssögu.*

Árni Indriðason. *Stjórnarskráin: Almenn samantekt fyrir 6. bekk, 2014.*

Á haustmisseri er saga sjálfstæðisbaráttu Íslendinga rakin frá upphafi, þ.e. 1830. Fjallað er um júlíbyltinguna 1830, áhrif hennar á Baldvin Einarsson og baráttuna fyrir íslensku stéttapingi. Þá er rakin þróunin eftir afnám einveldis í Danmörku í kjölfar byltingarinnar 1848 og áhrif Jóns Sigurðssonar rannsókuð. Þegar komið er fram til ársins 1874 er stjórnarskrá Íslands lesin og stjórnskipan landsins skýrð. Farið er yfir hvern þátt þrískiptingar ríkisvaldsins og síðan mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, fjallað stuttlega um hvernig hún er til komin og upprunalegt innihald hennar, en sérstaklega hvernig hún er í dag. Þá er í kjölfarið rakin saga Íslands með tilliti til stjórn málaþróunar, breytinga í verslun og framfara í sjávarútvegi og landbúnaði að minnsta kosti fram til ársins 1945. Þar sem verið er að kenna nýja kennslubók í fyrsta skipti er óvíst hversu langt við komumst fram yfir 1945. Markmiðið er að nemendur öðlist greinargóða þekkingu á eigin sögu, sjálfsmynd og umhverfi, hvernig Ísland varð sjálfstætt ríki og breytingunni frá landbúnaðarsamfélagi yfir í þróað iðnríki. Sett er fyrir vikulega.

Guðmundur J. Guðmundsson. *Frá sjálfstæðisbaráttu til búsáhaldabyltingar. Þættir úr Íslandssögu.* ný útgáfa 2023, bls. 9-124 & 210-218 (gamla bókin 8 – 57 & 89 – 93).

Stjórnarskráin: Almenn samantekt fyrir 6. bekk, bls. 1-20.

Vormisseri.

Námsefni:

Guðmundur J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson: *Þættir úr sögu vestrænnar menningar: Frá 1848 til okkar daga.*

Á vormisseri er tekin fyrir saga Evrópu og Ameríku frá miðri 19. öld og fram yfir lok seinni heimsstyrjaldar. Byrjað er á stuttri kynningu á hugmyndastefnum 19. aldar og helstu fulltrúum þeirra. Þá er fjallað um sameiningu Þýskalands og Ítalíu og áhrif þess á framvindu Evrópusögunnar. Saga stéttaátaka og stjórn málaþróun hjá stórfjóðum Evrópu og Ameríku er tekin fyrir, þ.e. hjá Þýskalandi, Ítalíu, Frakklandi, Rússlandi og Bandaríkjunum. Þá er fjallað um aðdraganda fyrri heimsstyrjaldarinnar, heimsstyrjöldina sjálfa og Versalasalaminginn, millistríðsárin, tilurð og áhrif fasisma, nasisma og valdatöku bolsévika í Rússlandi og að lokum heimsstyrjöldina síðari og upphaf kalda stríðsins. Markmiðið er að nemendur öðlist greinargóðan söguskilning og skilji samhengi nýliðinnar fortíðar við nútímann og atburði í dag. Sett er fyrir vikulega.

Guðmundur J. Guðmundsson & Ragnar Sigurðsson. *Þættir úr sögu vestrænnar menningar: Frá 1848 til okkar daga.* Bls. 18-51 & 62-111 (aftari mörk áætluð).

Námsefni fyrir utanskólanemendur á ársgrundvelli: Guðmundur J. Guðmundsson: *Frá sjálfstæðisbaráttu til búsáhaldabyltingar. Þættir úr Íslandssögu.*, bls 9-120 & 210-218. Árni Indriðason. *Stjórnarskráin: Almenn samantekt fyrir 6. bekk, 2014.* Heftið allt. Guðmundur J. Guðmundsson & Ragnar Sigurðsson. *Þættir úr sögu vestrænnar menningar: Frá 1848 til okkar daga,* bls. 6-119.

Kennsla: Kennt er í fjörutíu mínútna lotum fjórum sinnum í viku á bæði haust- og vormisseri. Kennt er með fyrirlestrum, verkefnum og ýmsum hjálpargögnum svo sem heimildamyndum. Verkefni eru af ýmsum toga, t.d. þurfa nemendur að undirbúa erindi um efni sem valin eru í samráði við kennara. Um er að ræða heimildavinnu sem nemendur fá nokkrar vikur til að undirbúa. Að loknum flutningi skulu nemendur svara fyrirspurnum samnemenda og kennara. Einnig eru ýmis skrifleg verkefni unnin heima eða í kennslustundum. Þá er ætlast til að nemendur mæti undirbúnir í tíma, taki þátt í umræðum og séu tilbúnir til að standa frammi fyrir samnemendum og greina frá því sem þeir hafa lært.

Námsmat: Einkunn í sögu í 6. bekk grundvallast á tveimur þáttum: Námseinkunn og stúdentsprófi. Námseinkunn er símat samansett úr eftirfarandi þáttum á ársgrundvelli:

- Fjögur kaflapróf (tvö á hvoru misseri á u.þ.b. fimm vikna fresti) sem vega samtals 40%. Lægsta einkunn á kaflaprófi mun detta út og því efstu þrjár einkunnir sem gilda til námseinkunnar. Ekki verður boðið upp á sjúkrapróf.
- Jólapróf sem vegur 20%.
- Verkefni (fyrirlestur) sem vegur 20%.
- Mat kennara á ástundun, verkefnavinnu í tímum, þátttöku í umræðum o.fl. vegur 20%. Námseinkunn sem og stúdentspróf má ekki vera undir einkunninni 4,0 til að nemandi teljist hafa staðist á árinu.

Áætlun um yfirferð er til viðmiðunar:			
Vika	Dagsetning	Námsefni	Annað
1	20. – 21. ágúst	Kynning á áfanga. Stjórnmalasaga 1830-1904 Júlíbylting 1830 og baráttan fyrir íslensku þingi (bls. 9-11)	
2	24. – 28. ágúst	Júlíbylting 1830 og baráttan fyrir íslensku þingi (bls. 12-15) Endurreisn Alþingis (bls. 16-20)	
3	31. ágúst – 4. september	Byltingarnar 1848 og konungaskipti (bls. 21-25) Þjóðfundurinn 1851 (bls. 26-29)	
4	7. – 11. september	Stund milli stríða (bls. 30-34) Stöðulögin og stjórnarskráin (bls. 35-41)	
5	14. – 18. september	Landshöfðingjatímabilið (bls. 42-49)	
6	21. – 25. september	Þættir úr hagsögu 19. aldar Þróun atvinnulífs á 19. öld (bls. 50-59)	
7	28. september – 2. október	Árferði, vesturferðir og þéttbýlismyndun (bls. 60-63) Heimastjórnartímabilið 1904-1918 Hannes Hafstein verður ráðherra (bls. 64-65)	Kaflapróf 1

8	5. – 9. október	Símamálið og deilur um virkjanir (bls. 66-68) Uppkastsslagurinn (bls. 69-73) Ráðherratið Björns Jónssonar (bls. 74-76)	
9	12. – 16. október	Fánamálið (bls. 77-78) Ísland í fyrri heimsstyrjöldinni (bls. 79-80) Sambandslagasamningurinn – Ísland fullvalda ríki (bls. 81-85) Millistríðsárin 1918-1939 Ný flokkaskipan (bls. 86-87)	
10	19. – 21. október	Stjórn Framsóknarflokksins (bls. 88-93) Kreppan (bls. 94-96)	Hausthlé 22. og 23. október
11	26. – 30. október	Þingrofið 1931 (bls. 97-100) Stjórn hinna vinnandi stétta (bls. 101-106) Stríðsárin 1929-1945 Stríð brestur á (bls. 107-108)	
12	2. – 6. nóvember	Hernámið (bls. 109-113) Samskiptin við hernámsliðið (bls. 114-117) Verðbólga og stéttaátök (bls. 118-119) Lýðveldisstofnunin (bls. 120-121)	
13	9. – 13. nóvember	Þættir úr hag- og félagssögu 20. aldar Áfram stelpur ... (bls. 210-218)	Kaflapróf 2
14	16. – 20. nóvember	<i>Stjórnarskráin: Almenn samantekt fyrir 6.bekk (bls. 1-9)</i>	
15	23. – 27. nóvember	<i>Stjórnarskráin: Almenn samantekt fyrir 6.bekk (bls. 10-20)</i>	

Birt með fyrirvara um breytingar